



covid.is

Við erum öll almannavarnir

Covid-19 kallar á samstöðu og ábyrgð okkar allra. Til að auðvelda heilbrigðiskerfinu að ráða við vandann er mikilvægt að takmarka útbreiðslu veirunnar eins og hægt er. Til þess eru ýmis ráð sem við þurfum öll að tileinka okkur.

▶ **Þvوم okkur um hendurnar**

Með vatni og sápu. Reglulega - og reglulega vel.

▶ **Forðumst óþarfa snertingu**

Finum snertilausar leiðir til að heilsast og kveðjast. Bros er betra en koss og knús.

▶ **Virðum sóttkví**

Sóttkví fyrir þau sem mögulega eru smituð og einangrun þeirra sem greinast er nauðsynleg til að hægja á útbreiðslu.

▶ **Hlítum samkomubanni**

Bannið nær til skipulagðra viðburða þar sem fleiri en 20 manns koma saman. Við öll minni mannamót þarf að tryggja að nánd milli fólks sé yfir tveir metrar.

Á vefnum www.covid.is finnur þú fleiri góð ráð, traustar upplýsingar og fréttir af stöðu mála.



Embætti
landlæknis
Directorate of Health



Samkomubann

Ákveðið hefur verið að setja á samkomubann frá og með aðfararnótt mánudagsins 16. mars. Bannið gildir í fjórar vikur, til og með mánudagsins 13. apríl (annar í páskaum). Samkomubannið verður í stöðugu endurmati, gæti lengst, styst og breyst eftir því sem aðstæður kalla á.

Hvaða samkomur eru bannaðar?

Bannið nær til skipulagðra viðburða þar sem fleiri en 100 manns koma saman. Til dæmis:

- ▶ Ráðstefnur, málþing, fundir og hliðstæðir viðburðir.
- ▶ Skemmtanir, s.s. tónleikar, leiksýningar, bíósýningar, íþróttaviðburðir og einkasamkvæmi.
- ▶ Kirkjuathafnir hvers konar, s.s. vegna útfara, giftinga, ferminga og annarra trúarsamkoma.

Að auki þurfa aðrir staðir að tryggja að ekki séu á sama tíma fleiri en 100 manns inni í sama rými. Þetta á t.d. við um veitingastaði, mótuneyti, kaffihús, skemmtistaði, verslanir, sundlaugar, líkamsræktarstöðvar, og söfn. Þessi mörk eiga einnig við um almenningssamgöngur og aðra sambærilegra starfsemi.

Á samkomum, vinnustöðum og í annarri starfsemi þar sem færri en 100 eru samankomnir skal hafa að minnsta kosti tvo metra á milli einstaklinga.

Hvað fellur ekki undir samkomubann?

Samkomubannið nær ekki til alþjóðaflugvalla, alþjóðahafna, flugvéla eða skipa.

Skólahald

Töluverðar takmarkanir eru á skólahaldi á meðan á samkomubanninu stendur.

- ▶ Framhaldsskólum og háskólum verður lokað og kennsla fer fram í fjarkennslu eins og hægt er.
- ▶ Grunnskólar mega hafa kennslu í skólabyggingum ef þeir tryggja að ekki séu fleiri en 20 nemendur í sömu kennslustofu og að nemendur blandist ekki milli hópa, til dæmis í mótuneyti eða frímínútum.
- ▶ Leikskólar mega hafa opið ef þeir tryggja að börn séu í fámennum hópum og aðskilin eins og kostur er.

Takmarkanirnar gilda einnig um aðrar menntastofnanir, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og íþróttastarf.

